

FUNDARGERÐ

369. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 9. febrúar 2016 kl. 14.30 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

1. Undirbúningur aðalfundar

Rætt um lagabreytingar sem laganefnd kemur fram með, spurning hvort taka eigi þær fyrir á undan kosningu stjórnar.

Formaður kynnti tillögu Brynjólfs varðandi fyrirhugaðar byggingarframkæmdir.

Samþykkt að gera tvo aðila þá Björgvin Guðmundsson og Unnar Stefánsson að Heiðursfélögum FEB.

Tillaga uppstillingarnefndar varðandi stjórnarkjör liggur fyrir svo og hefur Ólafur Örn Ingólfsson tilkynnt um framboð til stjórnar.

Kjörnefnd sett á laggirnar fyrir fundinn og rætt verður við aðila til að taka þátt og koma að talningu.

2. Fjármálin, fundarstjóri, skýrsla stjórnar

Sturla Jónsson nýr endurskoðandi félagsins mætti á fundinn og fór yfir reikninga ársins 2015. Álit endurskoðenda að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015 og er í samræmi við lög um ársreikninga.

Niðurstöður ársins er að hagnaður var á starfsemi félagsins upp á 16 milljónir króna sem er mikill viðsnúningur frá viðvarandi taprekstri margra undanfarinna ára.

Fasteignin Stangarhylur 4, er sem fyrr aðaleign félagsins ásamt inneign á bankareikningi.

Fjármál og uppgjör vegna Hólabergs er lokið og reikningur samþykktur og hafður sér. Fram kom ánægja að FEB er komið á réttan kjöl.

Stjórnarmenn fengu drög að skýrslu stjórnar.

Rætt um fundarstjóra og fyrirkomulag kosninga.

Samþykkt að leggja fyrir aðalfundinn að árgjald 2016 verði óbreytt 4.000 kr.

Greint var frá að styrkur Rvkborgar við FEB árið 2016 verður 200.000.000 kr.

3. Byggingarnefnd og staða Árskóga 1–3

Sagt frá samningfundi við Rvkborg um lóðina.

4. Ný nefnd á vegum FEB

Á stjórnarfundi 15. des. s.l. kom Erna inn á hóp sem sérstakan áhuga hefði á stöðu eldri borgara einkum lífeyrismálum. Þessi hópur hefur síðan hist og nú er það tillaga að þessi hópur verði nefnd innan FEB sem einbeiti sér að bættum kjörum og hugarfarsbreytingu þegar kemur að málefnum eldri borgara í þjóðfélaginu. Samþykkt. Nefndin/hópurinn starfi m.a. með kjaranefnd.

5. Samstarfið við Reykjavíkurborg og næstu skref

Formaður og framkv.stjóri voru boðuð á fund með Berglinni Magnúsdóttur og Óskari Dýrmundssyni um afnotarétt og aðkomu FEB að húsnæði í Árskógum. Stjórnin jákvæð og tillaga verður lögð fyrir aðalfund um útvíkkun á starfsemi FEB með starfsemi/rekstri í Árskógum.

6. Ný staða í kjaramálum

Ný staða í kjaramálum eftir breyttar forsendur með samningum á almennum vinnumarkaði sem undirritaðir voru í ársbyrjun og gilda frá síðustu áramótum.

Samþykkt að stjórn sendi frá sér ályktun sem fari á stjórnarmenn eftir fundinn

Ályktun frá stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni á stjórnarfund 9. febrúar 2016

Það er fagnaðarefni að nú fáeinum árum eftir hið mikla áfall, bankahrunið, skuli Íslendingar vera í kjörstöðu þegar litið er til framtíðar; árangur sem mörgum ber að þakka. Atvinnulífið er í blóma, kjör launafólks hafa batnað og fjármunir til heilbrigðismála, velferðar, menntunar og rannsókna vaxa á ný, þó margir haldi því fram að þar megi enn gera betur.

Því ættum við öll að geta tekið höndum saman um að koma til móts við þá sem verst eru staddir í kjörum og stuðla að útrýmingu fátæktar sem er því miður til staðar í landi okkar. Til þessa þarf aðeins kjark til að taka á vandanum. Lausnir mega ekki felast í meðaltali, sem segir lítið til um erfið kjör eldri borgara, sem eiga ekki húsnæði, eiga ekki fyrir mat í lok mánaðar, lækniþjónustu eða öðru, sem aðrir þjóðfélagsþegnar geta veitt sér. Höfum hugfast að á bak við hverja einustu prósentu er einstaklingur.

Því skorar stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni á stjórnvöld að bæta nú þegar kjör eldri borgara, ekki síst þeirra sem eru undir fátæktarmörkum – Nú er lag.

7. Afmæli FEB

Tillögur lagaðar fram til skoðunar.

8. Önnur mál

- Formaður óskakði eftir að Félagstíðindi haldi áfram á sama máta a.m.k. einu sinni í viðbót.
- Stýrihópur um lýðheilsu eldri borgara á vegum Rvk.borgar undir stjórn Ellerts skilaði í síðasta mánuði skýrslu ásamt 26 tillögum um aðgerðir sem við öll vonum að komist til framkvæmda. Heilsuefning aldraðra, skýrsla starfshóps er öllum aðgengileg og verður dreift víðar.
- Samþykkt tillaga um ferð stjórnar og maka í Borgarnes með vorinu.
- Formaður vék af fundi undir þessum lið
Varafomaður kom með tillögu að „leiðréttingu“ á greiðslum til formanns en þær hafa verið óbreyttar frá árinu 2007. Tillaga um að greiðsla nemi 170 þúsund krónur á mánuði og gildi frá 1. febrúar 2015. Samþykkt.

Næsti fundur stjórnarinnar er boðaður 15. febrúar kl. 15.00.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.50.